



Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 17.9.2024 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að Reykjavíkurborg fari þess á leit við barna- og menntamálaráðherra að samræmd próf verði tekin upp að nýju í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla í þeim tilgangi að bæta námsárangur grunnskólanema. Samræmdu prófunum fylgi kennsluáttak fyrir þá nemendur sem helst þurfa á því að halda.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt með tuttugu atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Flokks fólksins gegn þremur atkvæðum borgarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands og Vinstri grænna að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs. MSS24090003

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins telur að ekki eigi að taka upp gömlu samræmdu prófin í óbreyttri mynd og að þau verði aftur eina námsmátið sem framhaldsskólar styðja sig við í vali á umsóknum. Rétt er að gefa nýju breiðvirku námsmáti tækifæri sem hannað hefur verið hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Koma þarf því í gagnið hið fyrsta. Það skapaði losarabrag og nokkra óreiðu þegar samræmd próf voru aflögð með einu pennastriki og ekkert sambærilegt var tilbúið í staðinn. Framhaldsskólar hafa ekki haft neitt samræmt mat í nokkur ár til að meta umsóknir. Samræmd próf hafa bæði kosti og galla. Kostirnir eru að þau hvetja nemendur til að hefja snemma prófundirbúning. Í flestum skólum var sett af stað ákveðið kennsluáttak fyrir samræmdu prófin sem skilaði sér í aukinni þekkingu, metnaði og þjálfun í öguðum vinnubrögðum. Pisa-kannanir sýna að staða íslenskra grunnskólanema í lestri, stærðfræði og náttúruvísindum er óviðunandi. Nær 50% drengja og þriðjungur stúlkna geta ekki lesið sér til gagns að lokinni 10 ára skólagöngu. Ísland var neðst Norðurlandanna í síðustu Pisa-könnun og næstneðst allra Evrópuríkja. Nú þarf að hanna áreiðanlegt breiðvirkt námsmat sem tekur einnig til greina nemendur með sértæka námserfiðleika og nemendur sem koma frá ólíku mál- og menningarumhverfi.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að Reykjavíkurborg fari þess á leit við barna- og menntamálaráðherra að samræmd próf verði tekin upp að nýju í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla í þeim tilgangi að bæta námsárangur grunnskólanema. Samræmdu prófunum fylgi kennsluáttak fyrir þá nemendur sem helst þurfa á því að halda.

Greinargerð

Pisa-kannanir sýna að staða íslenskra grunnskólanema í lestri, stærðfræði og náttúruvísindum er óviðunandi. Nær 50% drengja og þriðjungur stúlkna geta ekki lesið sér til gagns að lokinni 10 ára skólagöngu.

Frá árinu 2009 hefur íslenskur grunnskóli dalað um 64 Pisa-stig í lesskilningi sem nemur rúmlega þremur heilum grunnskólaárum. Ísland er neðst Norðurlandanna í síðustu Pisa-könnun, næstneðst allra Evrópuríkja og í 6. neðsta sæti allra þáttökuríkjanna. Hér er því um óvenjulega mikla afturför að ræða á skömmum tíma. Engu að síður er hér rekið eitt dýrasta grunnskólakerfi innan OECD ríkjanna.

Kostnaður við hvern nemanda er 2,7 milljónir á ári eða 27 milljónir allt grunnskólastigið. Þessi kostnaður hefur hækkað umtalsvert á allra síðustu árum. Eistland sem kom best út allra Evrópuríkja og Finnland sem stóð sig best Norðurlandanna upplýsa sína skóla um árangurinn í Pisa-könnunum þannig að hver og einn skóli geti nýtt sér niðurstöðurnar til umbóta í skólastarfi. Þau eru auk þess með samræmd próf eins og nánast allar þáttökupjóðir.

Samræmdur mælikvarði á nám er grundvallarforsenda fyrir framförum í skólastarfi. Mikilvægi samræmdra prófa felst ekki síst í því að þau upplýsa um hvort og þá hvaða markmiðum skólastarfsins sé náð og hvaða markmiðum ekki. Þannig má nýta þau til að greina vandann og stuðla að umbótum í skólastarfi. Þá er framfarastuðull prófanna frá 4.-10. bekkjar mikilvægur til að geta aðstoðað strax þá nemendur sem standa höllum fæti í námi.

Róttækasta breytingin sem gerð hefur verið í íslenskum grunnskóla á síðustu árum felst í afnámi samræmdra prófa. Þær upplýsingar um síðustu Pisa-kannanir sem við höfum aðgang að benda eindregið til þess að afnám samræmdra prófa hafi verið afar misráðið. Því er þessi tillaga lögð fram hér.